

Geislameðferð

Geislameðferð er ein af þeim meðferðum sem beitt er gegn krabbameini. Tilgangur meðferðarinnar getur verið að lækna sjúkdóminn eða halda honum niðri og hindra þannig frekari útbreiðslu hans um óákveðinn tíma. Ef um lengra genginn sjúkdóm er að ræða má stundum nota geislameðferð til að bæta líðan. Við geislameðferð er notuð háorkuröntgengeislun eða rafeindageislun.

Undirbúningur

Meðferðarsvæði geislameðferðar er ákvarðað með hjálp sneiðmyndatöku. Merkingar á húð ásamt ljósmyndum eru notaðar til að auðvelda fyrstu geislameðferð. Merkingar þurfa að sjást allt meðferðartímabilið og þeim er haldið við allan þann tíma. Stundum er búinn til sérstakur festibúnaður til að auðvelda legu í sömu stellingu meðan á meðferð stendur.

Undirbúningur fer fram í einni heimsókn og tekur allt frá 30 mínútum upp í tvær klukkustundir. Síðan getur liðið allt að vika þar til meðferð getur hafist. Þann tíma er geislasvæðið ákvarðað út frá sneiðmyndunum og reiknuð út einstaklingsbundin geislaáætlun.

Meðferð

Tímalengd geislameðferðar er breytileg. Sumir koma í eitt skipti en aðrir daglega í nokkrar vikur. Hver meðferð tekur aðeins nokkrar mínútur og er sársaukalaus. Meðferðin veldur ekki geislavirkni.

Líðan meðan á meðferð stendur er einstaklingsbundin. Algengt er að finna fyrir þreytu eða orkuleysi meðan á geislameðferðinni stendur og í nokkurn tíma eftir að henni lýkur. Aðrar aukaverkanir eru háðar því hvar á líkamann geislun er gefin og stærð geislasvæðis.

Sjúkrahúsvist vegna geislameðferðar er yfirleitt óþörf. Margir stunda áfram sína vinnu og sinna áhugamálum.

Hjúkrunarfræðingar, geislafræðingar og læknar deildarinnar fylgjast með líðan þinni á meðferðartímabilinu og veita frekari upplýsingar um meðferðina, aukaverkanir og úrræði.

Eftirlit

Þegar geislameðferð lýkur er gefinn tími hjá krabbameinslækni eða öðrum sérfræðilækni til eftirlits.